



## Félags- og menningarmálanefnd - 21.04.2015

---

4. fundur

21. apríl 2015, kl 16:00-17:30

Fundarstaður: Vogafjós

---

### Fundarmenn:

### Starfsmenn:

Elísabet Sigurðardóttir, form. (fundarr.)

Jóhanna Njálisdóttir

Dagbjört Bjarnadóttir

Ólafur Þróstur Stefánsson

Anna Dóra Snæbjörnsdóttir (í fjarveru Sigurðar Böðvarssonar)

---

### Dagskrá:

1. *Fundarsetning*
2. *60 ára afmælishátíð Skjólbrekku 2015*
3. *Bréf frá Bjarna Jónassyni – hugleiðingar um Skjólbrekku*
4. *Bókasafn*
5. *Styrkumsóknir – eyðublað*
6. *Jafnréttisáætlun*
7. *Önnur mál*

#### 1. Fundarsetning

Elísabet setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

#### 2. 60 ára afmælishátíð Skjólbrekku 2015

Í erindi frá sveitarstjórn, tölvupóstur dagsettur 26. febrúar 2015, er Félags- og menningarmálanefnd falið að skipuleggja hátíðahöld vegna 60 ára afmælis Skjólbrekku í samvinnu við Menningarfélagið Gjallanda. Vígsla Skjólbrekku fór fram 9. júlí 1955. Nefndin ræddi mögulegar dagssetningar vegna hátíðahaldanna og komst að þeirri niðurstöðu það sé best að halda upp á afmælið í haust, hugsanlega seinnipartinn í september. Rætt var um drög að dagskrá og nefndin var sammála um að styðjast við dagskránnu sem var þegar

húsið var vígt. Elísabet var falið að hafa samband við formann Gjallanda og leggja til að nefndin hitti stjórn Gjallanda til að leggja drög að skipulagningu.

### **3. Bréf frá Bjarna Jónassyni – hugleiðingar um Skjólbrekku**

Miklar umræður sköpuðust um bréfið frá Bjarna og Skjólbrekku. Nefndin þakkar bréfitara þann áhuga sem hann sýnir á Skjólbrekku og möguleika á aukinni nýtingu sem sköpunar- og menningarmiðstöð. Nefndarmenn eru sammála að verði farið í breytingar á rekstri Skjólbrekku þá muni hugmyndir Bjarna án efa nýtast við skipulagningu á því.

### **4. Bókasafn**

Jóhanna, nefndarmaður, fór á bókasafnið og átti spjall við Þuru bókavörð. Hún sagði að hún hefði tekið eftir leka í suðaustur horninu eftir áramót og það hefði skemmt eitthvað af bókum. Hún var búin að láta vita en óskaði eftir því að nefndin myndi ítreka þetta við sveitarstjóra. Elísabet var falið að tala við Jón Óskar um þetta strax.

Einnig kom fram í samtali þeirra að Þura færi með nýjar bækur heim til sín að skrá þær í tölvu. Nefndarmenn eru sammála um að það sé ótækt að hún hafi ekki tölvu til að sinna slíkum verkefnum. Auk þess vantar fleiri hillur í safnið. Arnþórssafnið er í kössum á gólfinu og það er ekki aðgengilegt.

Ákveðið var að óska eftir því að hitta Þuru í safninu og ræða frekar við hana um hvað hægt er að gera til að bæta safnið. Elísabet var falið að skipuleggja fund með henni.

### **5. Styrkumsóknir - eyðublað**

Í kjölfar síðustu styrkúthlutunar vöknudu spurningar um það hvort ekki væri rétt að útbúa sérstakt eyðublað fyrir þá sem sækja um styrki vegna menningar og lista í framtíðinni. Nefndin er sammála um að það auðveldi úrvinnslu að hafa samskonar upplýsingar frá styrkumsækjendum, að ekki sé minnst á hvað það auðveldar styrkumsækjendum að hafa slíkt eyðublað til hliðsjónar. Ákveðið var að vinna áfram með málið í tölvupósti. Einnig var rætt um að nú sé komið að því að kalla eftir skýrslum frá styrkhöfum sem fengu styrki í fyrri úthlutun árið 2014.

### **6. Jafnréttisáætlun**

Bergljót Þrastardóttir hjá Jafnréttisstofu fékk Jafnréttisáætlun Skútustaðahrepps senda 11. mars 2015 og sendi athugasemdir. Rætt var um athugasemdirnar og fundarmenn voru sammála um að best sé að fá Bergljótu til að koma og fara yfir athugasemdirnar með nefndinni. Auk þess að fjalla um tilgang jafnréttisáætlunar fyrir sveitarfélög almennt. Elísabet var falið að setja sig í samband við hana og athuga hver kostnaðurinn er við að fá hana til okkar og hvenær hún gæti komið.

### **7. Önnur mál**

Engin mál voru rædd undir þessum lið.

*Fundi slitið kl. 17:30.*